

Héraðsdómur Vesturlands



D Ó M U R

1. desember 2025

mál nr. E-186/2025

Emco ehf.

(Gunnlaugur Garðarsson lögmaður)

gegn

Emil Þór Jónssyni

(Ólafur Kristinsson lögmaður)

Lárentsínus Kristjánsson héraðsdómari

Dómur Héraðsdóms Vesturlands 1. desember 2025

I. Dómkröfur, aðild og málsmeðferð

1. Mál þetta er höfðað 30. maí 2025. Stefnandi er Emco ehf., ..., ..., sem stefnir Emil Þór Jónssyni, ..., ...,

2. Stefnandi krefst þess að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda 12.682.765 kr. ásamt dráttarvöxtum skv. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu, frá 1. maí 2025 til greiðsludags. Jafnframt krefst stefnandi málskostnaðar úr hendi stefnda að skaðlausu samkvæmt mati dómsins.

3. Stefndi krefst aðallega sýknu.

4. Stefndi krefst þess til vara, verði ekki fallist á sýknu, að þá eigi stefndi skuldajafnaðarrétt gagnvart óuppgerðum ráðningarsamningi við félagið er nemi 10.390.000 kr. á grundvelli 1. mgr. 28. gr. laga nr. 91/1991. Jafnframt er þess krafist að kröfur stefnanda verði þá lækkaðar verulega.

5. Til þrautavara krefst stefndi þess að hafnað verði kröfum stefnanda um dráttarvexti.

6. Í öllum tilvikum er gerð krafa um stefnandi greiði stefnda málskostnað að skaðlausu samkvæmt mati dómsins.

7. Aðalmeðferð málsins fór fram fimmtudaginn 6. nóvember 2025. Í þinghaldi 5. nóvember breytti stefnandi kröfugerð sem lækkaði um 527.625 kr. frá því sem var í stefnu málsins. Eiríkur Gísli Johansson, stjórnarformaður stefnanda, gaf aðilaskýrslu símleiðis og stefndi Emil Þór Jónsson kom fyrir dóminn og gaf skýrslu. Þá kom fyrir dóminn fyrrum bókarari félagsins, Gunnar Gunnarsson, og gaf vitnaskýrslu. Málið var dómtekið eftir málflutning lögmannna sama dag.

II. Málsatvik

8. Stefndi stofnaði einkahlutafélagið Emco ehf. með frænda sínum, A..., er andaðist þann 17. ágúst 2022. Starfsemi félagsins hverfist um hugbúnaðargerð og sölu. Rekstrarfyrirkomulag stefnda er í grófum dráttum með þeim hætti að sala hugbúnaðar í eigu stefnanda um allan heim fer fram í gegnum heimasíðu félagsins en öllu viðhaldi, uppfærslu og þjónustu vegna hugbúnaðarins er sinnt af verktaka sem staðsettur er í Úkraínu.

9. Stefndi greinir frá því að í upphafi rekstrar hafi eigendur lagt fram mikla vinnu en fengið litla umbun fyrir. A... heitinn hafi með samkomulagi séð um alla fjármálahlíð félagsins á meðan stefndi hafi séð um forritun og þjónustu við viðskiptavinum. Eigendur hafi báðir verið á launaskrá, auk þess sem ákveðið hafi verið að þeir myndu einnig njóta hlunninda í formi afþreyingaráskrifta, eins og oft tíðkist hjá hugbúnaðarfyrirtækjum. Báðir hluthafar hafi notið sömu starfskjara og hlunninda. Gunnar Gunnarsson, bókarí félagsins um árabíl, staðfesti fyrir dómi þetta fyrirkomulag í öllum meginatriðum.

10. Í kjölfar andláts A... erfði, að sögn fyrirvarsmanns stefnanda, Steen Johansson 50% hlut A... í stefnanda, sbr. framlagt afsal 30. september 2023. Stefndi hefur reyndar gert athugasemdir af þessu tilefni og telur ekki standast að Steen hafi getað eignast hlutinn fyrir arf þar sem hann hafi ekki verið erfingi A... heitins. Telur stefndi líklegra að Steen hafi fengið hlut sinn fyrir framsal þess eðlis að bjóða hefði átt stefnda forkaupsrétt við þau aðilaskipti.

11. Stefndi var stjórnarformaður félagsins frá stofnun þess allt til 15. september 2023 en þá tók Eiríkur Gísli Johansson, sonur Steen Johansson, við stjórnarformennsku í félaginu, en stefndi var skráður framkvæmdastjóri og stjórnarmaður.

12. Fyrirvarmaður stefnanda lýsir því svo að þegar Eiríkur hafi tekið sæti í stjórn stefnanda hafi farið að koma í ljós að stefndi hefði yfir nokkurra ára tímabil, í krafti stöðu sinnar tileinkað, sér fjármuni stefnanda. Nánar tiltekið hefði stefndi framkvæmt ólögmetar úttektir, lánveitingar og aðrar ráðstafanir á fjármunum félagsins í sína persónulegu þágu eins og nánar er gerð grein fyrir í stefnu. Einnig hafi stefndi skömmu eftir andlát A... í ágúst 2022 einhliða og án nokkurrar aðkomu stjórnar- eða hluthafafundar stefnanda tekið ákvörðun um að hækka laun sín um 100.000 kr. á mánuði.

13. Um launahækkun þessa var m.a. fjallað á stjórnarfundi í stefnanda 28. nóvember 2023 þar sem Eiríkur, stjórnarformaður félagsins, andmælti launahækkuninni sem ólögmetri og benti stefnda á að hann gæti ekki ákveðið sjálfur að hækka við sig launin án aðkomu stjórnar og eigenda félagsins. Þá væri enn fremur ljóst að félagið gæti vegna fjárhagsörðugleika illa borið hærri launakostnað ásamt öllum persónulegum kostnaði stefnda sem félagið væri að bera. Stefndi gaf lítið fyrir andmæli Eiríks og kvaðst hafa fulla heimild til að hækka við sig launin.

14. Strax í kjölfar þess að Eiríkur tók sæti í stjórn stefnanda kveður stefnandi Eirík hafa reynt að fá prókúru á bankareikninga félagsins en stefndi staðið því í vegi, sbr. fundargerð stjórnarfundar 17. október 2023 og 7. nóvember 2023. Á stjórnarfundi 29. febrúar 2024 upplýsti Eiríkur að hann

hefði óskað eftir aðgangi að bankareikningum stefnanda hjá Arion banka þrátt fyrir neitun stefnda um að veita honum prókúru á reikningana. Upplýsti Eiríkur að hann hefði komist yfir hreyfingayfirlit kreditkorts stefnda hjá félaginu sem sýndi óhóflega einkaneyslu stefnda, en Eiríkur hafi ítrekað krafist þess af stefnda að hann léti tafarlaust af allri einkaneyslu með fjármunum félagsins.

15. Á sama stjórnarfundum neitaði stefndi framkominni kröfu um að bakfæra og endurgreiða framangreinda launahækkun. Í kjölfarið lagði því að sögn fyrirsvarsmanns stefnanda Eiríkur þá fram tillögu um að stefnda yrði sagt upp störfum sem framkvæmdastjóri stefnanda. Hafi tillagan verið samþykkt með atkvæði Eiríks, þ.e. oddaatkvæði stjórnarformanns. Í kjölfar stjórnarfundarins 29. febrúar 2024 var stefnda sent bréf með tilkynningu um uppsögn hans sem framkvæmdastjóri stefnanda. Uppsögnin tók gildi frá og með næstu mánaðamótum og lauk ráðningarsambandi aðila því 31. maí 2024.

16. Stefndi tekur fram í atvikalýsingu að við fráfall A... hafi vinna hans fyrir félagið aukist mjög. Félagið hafi verið rekið í sátt og samlyndi allt þar til A... hafi fallið frá og nýir eigendur tekið við eignarhlut hans. Við það hafi orðið straumhvörf og andað köldu gagnvart stefnda í máli þessu. Ekkert hafi verið hlustað á skýringar stefnda og forsendur eða reynt að sætta málið. Stefndi mótmælir því að hann hafi tileinkað sér fjármuni félagsins í krafti stöðu sinnar. Allar ákvarðanir um útgjöld hafi verið teknar í samráði og sumar að undirlagi A... enda hafi hann séð um fjármál félagsins.

III. Málsástæður stefnanda

Krafa vegna ólögmatra úttekta stefnda

17. Stefndandi byggir á því að stefndi hafi með saknæmum og ólögmatum hætti misnotað aðstöðu sína hjá stefnanda með því að koma því til leiðar að stefndandi hafi innt af hendi greiðslur vegna ýmissa útgjalda í persónulega þágu stefnda, annars vegar útgjöld sem fram komi á framlögðu hreyfingayfirliti kreditkorts stefnda, m.a. vöruúttektir hjá Nova og Elko, sjónvarps-, tölvuleikja- og streymisáskriftir ýmiss konar o.fl. sem séu rekstri stefnanda alls óviðkomandi alls að fjárhæð 7.042.421 kr. Hins vegar sé um að ræða kröfu samkvæmt viðskiptamannareikningi stefnda í bókhaldi stefnanda og nemi fjárhæð hennar 5.640.344 kr. Stefndi hafi upplýst um að krafa þessi sé m.a. vegna meðlagsgreiðslna sem stefndandi hafi greitt fyrir stefnda.

18. Dómkrafa stefnanda byggir á almennum reglum kröfuréttar um endurgreiðslu lánveitinga, hvort sem slíkar lánveitingar séu lögmætær eða ekki, sem og á grundvelli 79. gr. laga nr. 138/1994 um einkahlutafélög. Stefndandi telur bersýnilegt að umræddir fjármunir hafi ekki verið nýttir í

þágu reksturs stefnanda. Ljóst sé að stefndi hafi nýtt fjármunina í sína eigin þágu, án nokkurrar tengingar við hagsmuni stefnanda, en við þessu hafi stefndi gengist að stórum hluta.

19. Stefnandi telur augljóst að umræddar lánveitingar og útgjöld í þágu stefnda séu í andstöðu við fortakslaust ákvæði 1. mgr. 79. gr. laga nr. 138/1994 sem kveði á um bann við lánveitingum einkahlutafélags til hluthafa. Í því samhengi sé vísað til þess að stefndi hafi verið stjórnarformaður eða framkvæmdastjóri, auk þess að hafa prókúru félagsins yfir það tímabil sem hann framkvæmdi umrædd útgjöld og/eða lánveitingar í sína þágu. Ekki liggi fyrir neinar heimildir stjórnar eða hluthafafundar fyrir umræddum úttektum hverra fjárhæðir séu verulegar með hliðsjón af rekstri stefnanda. Ekki sé því hægt að líta á ráðstafanirnar með öðrum hætti en sem ólögmæt hlutafélagalán.

20. Stefnandi byggir á því að samkvæmt skýru ákvæði 4. mgr. 79. gr. laga nr. 138/1994 beri stefnda að endurgreiða hið ólögmæta lán, þ.e. hinar ólögmætu úttektir, með dráttarvöxtum. Greiðsluskylda stefnda byggist jafnframt á 5. mgr. 79. gr. sem kveði skýrt á um að sá sem geri eða framkvæmi ólögmætar ráðstafanir skv. 79. gr. beri ábyrgð á tapi viðkomandi félags sem af þeim hlýst. Endurgreiðsluskylda stefnda vegna hinna ólögmætu ráðstafana sé þannig ótvíræð.

21. Verði af einhverjum ástæðum litið svo á að umræddar umdeildu ráðstafanir hafi falið í sér lögmætar lánveitingar til stefnda þrátt fyrir ákvæði 79. gr. laga nr. 138/1994 byggir stefnandi á því að stefndi beri eftir sem áður endurgreiðsluskyldu á grundvelli almennra reglna kröfuréttar um endurgreiðslu lánveitinga. Byggir dráttarvaxtakrafa stefnanda þá á 1. mgr. 6. gr., sbr. 3. mgr. 5. gr., vaxtalaga nr. 38/2001 en krafa um endurgreiðslu lánsins hafi verið gerð með bréfi stefnanda þann 1. apríl 2025. Að því virtu beri að reikna dráttarvexti mánuði frá dagsetningu bréfsins.

22. Dómkrafa stefnanda byggir enn fremur á 108. gr. laga nr. 138/1994 um skyldu stofnenda, hluthafa stjórnarmanna o.fl. í einkahlutafélagi til að bæta félagi það tjón sem þeir hafi valdið í störfum sínum, hvort sem það hafi verið gert af ásetningi eða gáleysi. Jafnframt byggir stefnandi á almennum reglum skaðabótaréttar og byggir stefnandi á því að öll skilyrði bótaábyrgðar stefnda séu uppfyllt í málinu. Í báðum tilvikum byggir stefnandi á því að einsýnt sé að orsakatengsl sé á milli saknæmra og ólögmætra athafna stefnda, þ.e. nýting fjármuna stefnanda í eigin þágu, og þess tjóns sem stefnandi hefur orðið fyrir af þeim sökum.

Ólögmæt launahækkun stefnda

23. Fyrirliggjandi sé að í kjölfar andláts A... hafi stefndi upp á sitt einsdæmi ákveðið að hækka laun sín um 100.000 kr. á mánuði án þess að bera þá ákvörðun undir stjórn eða hluthafafund félagsins. Þetta hafi stefndi viðurkennt og raunar fullyrt að honum hafi verið þetta heimilt, sbr.

fundargerð stjórnar. Hafi stefndi hafnað að bakfæra og endurgreiða hin ofgreiddu laun. Vegna skorts á gögnum úr bókhaldi stefnanda, sem stefndi ber ábyrgð á, hafi stefnanda ekki verið fært að útlista nákvæma endurgreiðslukröfu á hendur stefnda vegna hinnar ólögmætu launahækkunar.

IV. Málsástæður stefnda

24. Stefndi byggir málsástæður sínar í aðalkröfu *í fyrsta lagi* á því að hann skuldi félaginu enga fjármuni. Kröfur stefnanda séu um endurgreiðslu á eðlilegum rekstrarkostnaði ásamt kostnaði vegna hlunninda starfsmanna félagsins. Stefnandi hafi ekki í stefnu sinni getað sýnt fram á að um sé að ræða óeðlilegan rekstrarkostnað en fyrir því beri stefnandi sönnunarbyrði. Stefnanda hafi ekki tekist sönnun um að um ólögmætar úttektir stefnda sé að ræða.

25. Þá hafi stefnandi hvorki getað sýnt fram á að forsendur sakarreglunnar séu til staðar í máli þessu né að stefndi hafi með aðgerðum sínum valdið félaginu fjárhagslegu tjóni sem hann beri ábyrgð á. Hið rétta sé að um sé að ræða eðlilegan rekstrarkostnað sem samþykktur hafi verið af A... f.h. félagsins og jafnframt af stefnda. Um hafi verið að ræða ákvörðun stjórnar og allra hluthafa félagsins þangað til A... andaðist. Hafi þetta verið gert m.a. til að vega upp á móti því að félagið hafi ekki haft burði til að greiða sanngjörn markaðslaun og því, í stað beinna launagreiðslna, greitt hlunnindi til starfsmanna félagsins, þ.m.t. stefnda.

26. Stefndi byggir málsástæður sínar í aðalkröfu *í öðru lagi* á því að ákvörðun hluthafafundar 28. maí 2025, þar sem tekin var ákvörðun um að höfða dómsmál á hendur stefnda á grundvelli 109. gr. laga nr. 138/1994, hafi verið ólögmæt. Umrætt ákvæði sé vegna heimtu skaðabóta vegna tjóns sem hluthafi hafi valdið félaginu. Stefnandi hafi ekki sýnt fram á að hann eigi skaðabótakröfu á hendur stefnda og því sé málshöfðunin byggð á röngum lagaforsendum.

27. Þá byggir stefndi á því að hluthafinn Steen Johansson hafi ekki getað sýnt fram á það með haldbærum gögnum hvernig hann varð erfingi A..., en umræddur sé hvorki bréf- né lögerfingi A.... Systir Steens sé eini lögerfingi A... og sé því mótmælt að hann hafi getað látið fulltrúa sinn hafa atkvæðisrétt á fyrrnefndum hluthafafundi. Að baki þessu mati stefnda liggja m.a. þær upplýsingar frá sýslumanni að í lok desember 2024 hafi ekki legið fyrir einkaskiptagerð í búinu. Í tölvuskeyti segi m.a.: *Í dánarbúinu liggur ekki fyrir einkaskiptagerð og engar upplýsingar um að eignarhluturinn í félaginu hafi verið seldur. Að því sögðu, þá er það rétt að hluturinn í félaginu ætti að ganga til erfingja í arfshlutum 1/3 hvert skv. staðfestri erfðafjárskýrslu (hafi hann ekki verið seldur í einkaskiptum). Skráning í fyrirtækjaskrá bendir helst til þess að um kaup hafi verið að ræða, þar sem skráningin er ekki í samræmi við skiptalok.*

28. Af þessum upplýsingum verði ráðið að hluthafinn Steen Johansson geti ekki verið 50% hluthafi í félaginu með lögformlegum hætti nema hann hafi keypt hlut systkina sinna en við þá gjörð hefði forkaupsréttur átt að virkjast sem stefndi í máli þessu á samkvæmt samþykktum félagsins. Sé það niðurstaðan sé ljóst að hluthafinn Steen Johansson hafi freklega gengið á rétt stefnda í máli þessu með ólögmætum og siðlausum hætti. Þetta skýri framsetningu í stefnu þessari, þ.e.a.s. allt málið byggi á því að reyna að hafa félagið af stefnda í máli þessu án endurgjalds.

29. Stefndi vísar til þess að framangreint fyrirkomulag á þóknun fyrir vinnu eigenda hafi í raun forðað félaginu frá yfirvofandi greiðslufalli á sínum tíma. Greiðsla á hluta af launum starfsmanna í fríðu hafi sparað félaginu m.a. há launatengd gjöld, ásamt því að fá að gjaldfæra í rekstri sínum kostnað og fá innskatt á greiddan kostnað á móti útskatti, er leitt hafi til betri fjárhagsstöðu fyrir félagið. Ljóst sé því að engar forsendur séu til staðar til að álykta að stefndi einn og sér hafi valdið félaginu tjóni í skilningi 108. gr. laga um einkahlutafélög, nr. 138/1994. Jafnframt sé ekki um að ræða endurgreiðslukröfu á grundvelli 79. gr. laga nr. 138/1994, þar sem engar ólögmætar ráðstafanir hafi átt sér stað að hálfu stefnda. Um hafi verið að ræða launa- og hlunnindastefnu, samþykkt af stjórn og öllum hluthöfum félagsins á umræddum tíma.

30. Stefndi byggir í þriðja lagi aðalkröfu sína um sýknu á því að fullyrðing stefnanda í stefnu um launahækkun sé efnislega röng. Hið rétta sé að umrædd launahækkun um 100.000 kr. hafi verið samþykkt af stjórn félagsins í samræmi við lög nr. 138/1994 og með hliðsjón af samþykktum félagsins. Við andlát A... hafi stefndi verið einn í stjórn félagsins og hafi því haft fullar heimildir til að ákvarða launakjör. Það sé rangt að það sé á valdi hluthafa að ákvarða laun og hlunnindi starfsmanna, það vald liggi alfarið hjá stjórn félagsins. Af laununum hafi verið greiddur skattur og launatengd gjöld og ákvörðunin öll lögleg og beri að standa.

31. Varðandi meintar meðlagsgreiðslur sé því þannig háttáð að greiði meðlagsgreiðandi ekki meðlagið stofnast sjálfkrafa krafa á hendur vinnuveitanda hans. Vinnuveitandi sé því skyldugur til að greiða kröfuna en eigi síðan endurkröfurétt á hendur launþeganum. A..., sem séð hafi um fjármál félagsins, hafi tekið ákvörðun um þetta fyrirkomulag. Af hverju félagið hafi ekki krafist endurgreiðslu sé ekki á valdi stefnda í máli þessu, auk þess sem um sé að ræða kröfur sem séu fyrndar.

32. Stefndi byggir í fjórða lagi á því að fjárhæð sem getið sé í stefnu, um skuld samkvæmt viðskiptareikningi stefnda hjá stefnanda, sé að verulegu leyti fyrnd samkvæmt almennum fyrningarreglum og reglum kröfuréttarins, sbr. lög nr. 150/2007. Stefndi hafi aldrei viðurkennt

með formlegum hætti skuldina. Af því leiði að viðskiptareikningar fyrir lok árs 2021 séu fyrndir og beri að sýkna stefnda af þeim kröfum. Sé hér jafnframt byggt á almennum reikningskilareglum og venjum að viðskiptareikningar sem séu eldri en sex ára séu færðir niður í 0 og eingöngu það sem hafi safnast frá þeim tíma séu viðskiptareikningsskuldir sem leiði til þess að þessi liður geti að hámarki numið 2.099.709 kr.

33. Stefndi byggir málsástæður sínar á skuldajöfnuði við óuppgerðan ráðningarsamning frá 24. ágúst 2022. Gerður hafi verið ráðningarsamningur við stefnda þar sem uppsagnarfrestur var ákveðinn 24 mánuðir og launakjör ákvörðuð 1.100.000 kr. auk hlunninda. Við uppsögn stefnda hafi verið gerðir upp þrjú mánuðir og eftir standi 23.100.000 kr. í óuppgerð laun honum til handa, eða sem nemi 10.395.000 kr. að frádregnum skatti. Ráðningarsamningur hafi verið í gildi þegar uppsögn átti sér stað og ekki farið eftir honum við uppsögn. Stjórn félagsins hafi ráðið stefnda sem framkvæmdastjóra félagsins frá og með 24. ágúst 2022. Kröfu um ógreidd laun við starfslok stefnda sé því skuldajafnað á móti aðalkröfu stefnanda á grundvelli 1. mgr. 28. gr. laga nr. 91/1991, um meðferð einkamála.

34. Stefndi byggir málsástæður sínar um að dómkröfur verði lækkaðar verulega á því að sundurliðun að baki 7.492.503 kr. sé röng. Ljóst sé að stórar fjárhæðir séu beinn rekstrarkostnaður sem tilheyri félaginu beint og séu frádráttarbærir sem slíkir, m.a. á grundvelli 31. gr. laga um tekju-skatt nr. 90/2003, með síðari breytingum, sbr. reglugerð nr. 1300/2021, sbr. einkum 1. gr., sbr. 3. gr. og 6. gr., reglugerðarinnar. Sé hér horft til eftirfarandi kostnaðarliða:

1. Nova að fjárhæð kr. 1.127.712,- sé fjarskiptakostnaður, þ.m.t. háhraðanettengingar og farsíma-reikningar vegna starfsemi stefnanda, ásamt kaup[um] á farsímum.
2. Elko að fjárhæð kr. 641.015,- vegna tölvubúnaðar sem notaður hafi verið í rekstri [stefnanda] og tilheyri því ekki persónulegum útgjöldum stefnda í máli þessu.
3. Heimilistæki sé úttekt sem greidd hafi verið af korti stefnda vegna tækis sem A... hafi keypt hjá Heimilistækjum á sínum tíma.
4. Geymslur 24 ehf. fjárhæð kr. 1.072.626, en um sé að ræða litla geymslueiningu hjá Geymslum 24 ehf. til að geyma búnað sem félagið hafi átt og þurft að koma í geymslu þegar húsnæði félagsins var sagt upp, þ.e.a.s. skrifborðsstólar, skrifborð og ýmis tölvubúnaður.
5. Líkamsrækt Borgarnes að fjárhæð kr. 188.013, [Golf]klúbbs Suðurnesja og Borgarnes samtals að fjárhæð kr. 14.300,- og Icelandair hotel Hamar að fjárhæð kr. 57.060,- Samtals kr. 259.373 séu rekstrargjöld vegna íþróttaiðkunar stefnda, sem séu að fullu frádráttarbær frá rekstrartekjum stefnanda í skattskilum, sbr. 7. [mgr.] 3. gr. reglugerðar nr. 1300/2021.
6. Samsung Electronic að fjárhæð kr. 254.861, hér sé um að ræða farsíma sem notaður hafi verið í rekstri félagsins.
7. Þá sé stefndi [krafinn] um kr. 224.975 vegna líftrygginga frá Verði tryggingum hf. Hér sé um réttmætan rekstrarkostnað að ræða og algengt að keypt sé sjúkdóma- og líftrygging og sé frádráttarbær, m.a. á grundvelli 9. [mgr.] 3. gr. reglugerðar nr. 1300/2021, og almennum reiknings-skilareglum og venjum.
8. Hreyfill, Isavia, Laugarásbíó, Sambíó og IKEA samtals að fjárhæð kr. 88.340 sé risna vegna funda hjá félaginu sem sé frádráttarbær á grundvelli 3. gr. reglugerðar nr. 1300/2021.

9. ChatG[p]t að fjárhæð kr. 35.140 sé beinn frádráttarbær rekstrarkostnaður skv. reglugerð nr. 1300/2021.
10. Áskriftir hjá Sýn að fjárhæð kr. 978.325, Spotify kr. 254.861, Netflix kr. 316.002, Disney+ að fjárhæð kr. 40.980, samtals að fjárhæð kr. 1.590.168 sé frádráttarbær launakostnaður skv. 3. gr. reglugerðar nr. 1300/2021, enda sjáist að félagið telji á árinu 2025 að sambærilegur kostnaður teljist rekstrarkostnaður hjá því þegar um annan aðila hafi verið að ræða, sbr. framlögð gögn.

35. Samtals sé um að ræða fjárhæðir að 5.289.210 kr., eigi að lækka fjárhæðina sem því nemi og verði þá stefnufjárhæð vegna þessa liðar 2.203.293 kr. að hámarki. Með vísan til framangreinds varðandi viðskiptareikninga og fyrningarreglur sem leiði til þeirrar niðurstöðu að sú fjárhæð geti aldrei verið hærri en 2.099.709 kr. standi því eftir að dómkrafa málsins geti aldrei orðið hærri en 4.303.002 kr.

36. Stefndi byggir málsástæður sínar til þrautavara á því að lækka beri dráttarvexti á þeim grundvelli að um sé að ræða misvísandi forsendur til útreiknings dómkröfu sem stefnandi hafi ekki getað fært sönnur á.

V. Niðurstaða

Almennt og grundvöllur máls

37. Ekki verður í máli þessu tekin afstaða til þess hvort Steen Johansson sem kemur fram í máli þessu sem eigandi 50% hlutafjár í stefnanda hafi eignast þann hlut með réttmætum hætti fyrir arf. Stefndi dregur í efa að það framsal og eignatilfærsla hafi verið lögum samkvæmt en á það getur ekki reynt í máli þessu eins og kröfugerð er háttað og sakarefnið er lagt fyrir dóm. Þessi málsástæða stefnda getur þannig ekki stutt við aðalkröfu hans um sýknu í máli þessu og er að því leyti a.m.k. vanreifufð en gæti vitaskuld haft aðrar lögfylgjur ef rétt reyndist. Þá verður að hafna því að félagið hafi skort heimild hluthafafundar til að höfða mál þetta á grundvelli 109. gr. laga nr. 138/1994 um einkahlutafélög þar sem ekki sé um skaðabótamál að ræða. Stefnandi kveður málið rekið í grunninn sem skaðabótamál, sbr. eftirgreint. Burtséð frá því hvort þessi grundvöllur sé réttur getur þessi málsástæða stefnda ekki stutt við aðalkröfu hans um sýknu líkt og krafist er.

38. Í upphafi stefnu er málsókn þessari þannig lýst sem skaðabótamáli, þ.e. að einkahlutafélagið Emco ehf. höfði skaðabótamál á hendur stefnda. Stefnandi rökstyður þó í málsástæðukafla stefnu kröfur sínar fyrst og fremst með því að stefndi hafi fengið ólögmett lán frá félaginu sem honum beri að endurgreiða skv. 4. mgr. 79. gr. laga um einkahlutafélög nr. 138/1994 eða eftir atvikum á grundvelli 5. mgr. sama ákvæðis á grundvelli þess að stefndi hafi valdið félaginu skaðabótaskyldu tjóni. Við upphaf aðalmeðferðar var bókað eftir stefnanda að fallið væri að svo stöddu frá kröfu vegna þess sem stefnandi kallar ólögmetta launahækkun stefnda.

Krafa vegna ólögmatra úttekta stefnda

39. Fyrri meginkröfufliður stefnanda, þ.e. krafa vegna ólögmatra úttekta, samanstendur af ýmsum færslum eftir greiðslufirliti fyrir greiðslukort sem stefndi hafði afnot af en stefnandi greiddi fyrir allt frá árinu 2019 að fjárhæð samtals 7.042.421 kr. eftir breytingu á kröfugerð í þinghaldi 5. nóvember sl. Þar telur stefnandi stefnda hafa misnotað aðstöðu sína hjá stefnanda til að greiða ýmis persónuleg útgjöld hans.

40. Fyrir liggur í gögnum málsins að allt frá stofnun Emco ehf. 2001 og þar til féll frá, var A... framkvæmdastjóri stefnanda með prókúru líkt og stefndi hafði allt til 1. júní 2024. Stjórn félagsins var ekki breytt fyrr en 15. september 2023 og tók þá Eiríkur Gísli Johansson við af stefnda sem stjórnarformaður félagsins og sem slíkur með oddaatkvæði samkvæmt samþykktum félagsins. Í krafti þess sagði hann stefnda upp störfum hjá félaginu á stjórnarfundi 29. febrúar 2024 með uppsagnarfresti þannig að störfum stefnda hjá félaginu skyldi ljúka 31. maí það ár. Á sama grundvelli var mál þetta höfðað augljóslega í óþökk stefnda, eiganda helmings hlutafjár í stefnanda. Fyrir liggur að Eiríkur þiggur umboð sitt frá föður sínum, Steen Johansson, eiganda hins helmings hlutafjár, sbr. framangreint.

41. Samkvæmt ársreikningi stefnanda 2024 eftir að núverandi stjórn tók við er félagið sagt eiga viðskiptakröfu á hendur stefnda að fjárhæð 6.922.250 kr. Í ársreikningi 2023 sem einnig hefur verið lagður fram eru til staðar viðskiptakröfur en þær eru að því er virðist ekki að neinu leyti tengdar sérstaklega við stefnda í málinu líkt og í síðari reikningnum. Stefndi mótmælir reyndar báðum þessum ársreikningum sem óstaðfestum en hann hafi ekki skrifað undir eða samþykkt þá. Núverandi stjórnarformaður félagsins kvað þetta rétt og að hann hafi samkvæmt leiðbeiningum frá núverandi bókara félagsins einn sem formaður stjórnar samþykkt framangreinda ársreikninga. Þeir hafa því ekki fengið umfjöllun á stjórnarfundi eða fundi hluthafa eins og áskilið er í 59. gr. laga nr. 138/1994 sbr. og 14. gr. samþykkt félagsins. Ekkert liggur fyrir um það í málinu hvernig þessu var áður háttað enda hafa engir aðrir ársreikningar verið lagðir fram þrátt fyrir að ágreiningslaust sé, að því er virðist, að ársreikningum og skattframtölum félagsins hafi alla tíð verið skilað á réttum tíma. Einu ársreikningarnir sem fyrir dómnum liggja eru því reikningar sem stefndi, sem á helming hlutafjár í stefnanda, hefur ekki fengið til umfjöllunar og samþykktar og mótmælir. Þar er í engu getið um þennan hluta kröfugerðar stefnanda.

42. Fyrir dóminn kom Gunnar Gunnarsson sem frá 2002, eða því sem næst frá stofnun félagsins, annaðist bókhald og gerð uppgjörs fyrir félagið allt til þess er núverandi stjórnarformaður skipti um bókhaldsþjónustu 2022. Hann mótmælti því að óreiða hefði verið á bókhaldi félagsins. Þvert á móti væri mikil regla á því og að A... heitinn sem var framkvæmdastjóri hafi a.m.k. á tveggja

mánaða fresti komið til fundar við sig með fylgiskjöl félagsins þegar gengið hefði verið frá virðisaukaskattsuppgjöri og -skilum félagsins. A... hafi viljað hafa góða reglu á öllu og að rétt væri staðið að málum. Framburður hans varð ekki skilinn á annan hátt en að A... hafi ætíð átt síðasta orðið gagnvart honum um það hvaða kostnaðarliðir væru fyrirtækisins og hverjir persónulegir, en þetta hafi þeir iðulega rætt og farið yfir álitamál í þeim efnum. Vitnið hafi hins vegar ætíð gengið út frá því að helstu ákvarðanir varðandi reksturinn hefðu A... og stefndi verið búnir að ræða og sammælast um. Hann kvaðst aldrei minnst þess að hafa í tíð A... tekið beint við fyrirætlum frá stefnda í þessum efnum. Vitnið var spurt út í einstaka kostnaðarliði sem krafist er endurgreiðslu á í málinu og gaf að mati dómsins trúverðugar skýringar á þeim, s.s. um nauðsyn þess fyrir rekstur félagsins að geymsla hafi verið tekin á leigu 2016, skýringar á símkostnaði og færslum í bókhaldi vegna þess, skýringar á gjaldfærslu kostnaðar við tölvuleiki og búnað því tengt, leigugreiðslum til stefnda vegna aðstöðu á heimili hans, kostnaði vegna líkamsræktar og hækkunar á launagreiðslum til stefnda. Allur þessi kostnaður hafi verið ákveðinn sem réttmæt gjöld að höfðu samráði við A... heitinn utan launahækkunarinnar eðli máls samkvæmt, og vitnið taldi þær allar eiga rétt á sér til frádráttar í rekstrinum. Dómnum þykir ekki ástæða til að fjalla sérstaklega um hvern og einn lið í kröfugerð stefnanda að þessu leyti enda stefnandi ekki gert það sjálfur nema að litlu leyti.

43. Svo virðist sem formlegar fundargerðir hafi ekki verið haldnar síðustu árin í rekstri félagsins, þ.e. fyrir andlát A..., en það hafi þó verið gert á fyrstu árum þess samkvæmt framburði Gunnars. Þrátt fyrir það telur dómurinn engin rök standa til þess að fallast á kröfu stefnanda um að stefnda verði gert að greiða umræddan kostnað til baka. Af þeim gögnum sem lögð hafa verið fyrir dóminn verður ekki önnur ályktun dregin en sú að löghæfir aðilar innan félagsins hafi hverju sinni staðið að ákvörðunum um þessar greiðslur og staðfest álit sitt á réttmæti þeirra með undirritun á ársreikninga félagsins og reglubundnum skilum á skattframtölum öll ár frá stofnun félagsins og fram að því að nýr eigandi tekur yfir hlut A... í félaginu haustið 2023.

44. Ágreiningslaust er að A... heitinn bar allan þennan tíma þær skyldur og ábyrgð sem kveðið er á um í 3. mgr. 44. gr. laga nr. 138/1994. Hér athugast að þessara greiðslna er hvergi getið, miðað við framlögð gögn, sem skuldar stefnda við stefnanda í bókhaldi félagsins enda taldar eðlilegar þegar þær fóru fram, sbr. framangreint. Á hinn bóginn má finna á framlögðum viðskiptamannareikningi stefnda hjá félaginu úttektir á greiðslukortum sem greinilega voru taldar utan heimilla úttekta stefnda í þágu félagsins og því gjaldfærðar sem slíkar á hann sbr. síðari lið kröfugerðar stefnanda. Ekki verður séð að breytingar hafi orðið í þessum efnum frá því að A... féll frá og til haustsins 2023 utan þess að stefndi kveðst hafa tekið ákvörðun um að félagið myndi hætta að greiða meðlagskröfur á hendur stefnda og þær þess í stað dregnar af launum hans, auk

þess að taka ákvörðun samkvæmt hugmynd bókara félagsins um að hækka laun sín um 100.000 krónur á mánuði.

45. Því er ósannað að stefndi hafi með saknæmum og ólögætum hætti misnotað aðstöðu sína til að koma því til leiðar að stefnandi greiddi ýmis persónuleg útgjöld fyrir stefnda eins og stefnandi byggir á til stuðnings kröfunni. Þvert á móti bendir flest til þess að greiðslur þessar hafi verið af eignum félagsins (100%) taldar eðlilegar og í þágu þess. Telur dómurinn ósannað að einstakar greiðslur hafi fallið utan við þessar heimildir auk þess sem ósannað er að óheimilt hafi verið að nýta þær til lækkunar á tekjuskattsstofni stefnanda.

46. Með sama hætti verður ekki fallist á að líta beri á þessar ráðstafanir sem stóðu um árabíl sem ólögmett lán til hluthafa sem stangist á við bannreglu 1. mgr. 79. gr. laga nr. 138/1994. Ekkert bendir til þess að um lánveitingu hafi verið að ræða en stefnandi ber sönnunarbyrði fyrir því eins og atvikum er háttað í málinu. Enginn lánasamningur og engin umfjöllun um lánskjör eða neitt þ.u.l. liggur þannig fyrir og ekkert lán hefur verið veitt af hálfu félagsins með áskilnaði um endurgreiðslu. Þvert á móti liggja fyrir gögn um það í hvað umræddir fjármunir fóru og að þeim hafi verið ætlað að mæta kostnaði stefnda sem félagið taldi réttmætan og frádráttarbæran í rekstri þess. Því hefur þá verið hafnað að um hafi verið að ræða ólögmetta og saknæma háttsemi af hálfu stefnda og jafnvel þótt um slíkt hefði verið að ræða má draga í efa að slík krafa félagsins yrði heimfærð undir umrætt lagaákvæði. Markmið og verndarhagsmunir ákvæðisins hafa verið taldir einkum tvíþættir, annars vegar að gæta hagsmuna annarra hluthafa og hins vegar kröfuhafa félagsins. Verður ekki séð að þeir hagsmunir hafi verið skertir á þeim tíma er þessar ráðstafanir voru gerðar. Með vísan til framangreinds verður að líta svo á að umrætt ákvæði geti ekki skapað lagagrundvöll fyrir þeirri kröfu sem stefnandi hefur uppi varðandi umræddar úttektir stefnda.

47. Stefnandi hefur ekki sundurliðað sérstaklega a.m.k. ekki með glöggum hætti kröfu samkvæmt þessum lið í kröfugerð eftir tímabilum en lagt fram greiðslukortayfirlit sem sýnir færslur frá 3. janúar 2019 til 18. apríl 2024 þar sem sumar færslur eru yfirsrikaðar sérstaklega. Skjalið er hins vegar ósundurliðað og erfitt að henda reiður á það og tengja beint, þ.e. tölulega, við stefnukröfur. Við fljóta yfirferð virðist þó ekki vera fullkomið samræmi á milli þess skjals og sundurliðunar á endanlegri dómkröfu stefnanda sem lögð var fram í þinghaldi degi fyrir aðalmeðferð málsins. Hvað sem því líður telur dómurinn með vísan til framangreinds að við þeim ráðstöfunum eða úttektum, sem gerðar voru áður en skipt var um stjórn félagsins og ljóst varð hver nýr hluthafi væri í september 2023, verði ekki hreyft á þeim grundvelli sem krafist er. Samkvæmt sundurliðunum sem lagðar hafa verið fram virðist byggt á því að undir sömu sök skuli seldar úttektir eftir þann tíma. Þetta hefur þó ekki verið, sbr. framangreint, sundurliðað sérstaklega enda

verður að telja að um þær úttektir ættu að gilda aðrar málsástæður og lagarök þar sem núverandi hluthafi og stjórnandi félagsins fór í raun frá þeim tíma með alla stjórn þess en ekki stefndi. Þar sem krafa vegna, að því er virðist, einhverra úttekta eftir að núverandi stjórn tók við er í málinu byggð á sömu sjónarmiðum og í engu skilið þar á milli getur niðurstaðan ekki orðið önnur varðandi þær.

48. Stefndi verður því sýknaður af þeirri kröfu stefnanda sem byggir á útgjöldum sem stefndi hefur stofnað til með notkun á greiðslukorti félagsins eða með öðrum hætti ávísað á félagið. Verður greiðsluskylda stefnda hvorki leidd af ákvæðum laga um einkahlutafélög né almennum reglum kröfuréttar um endurgreiðslu lánveitinga líkt og stefnandi byggir á. Þá verður slík skylda heldur ekki byggð á 108. gr. laga nr. 138/1994 enda hefur því verið hafnað að stefndi hafi með ólögmatum og sagnæmum hætti bakað félaginu tjón sem hann verði talinn ábyrgur fyrir. Þar sem dómurinn telur lagagrundvöll skorta fyrir framangreindri kröfu er ekki ástæða til að taka afstöðu til þess hvort hluti af umræddum kröfum teljist vera fyrndur.

49. Varðandi þennan kröfufilið stefnanda athugast jafnframt að slík málsókn hefði, hvernig sem á málið er litið, verið útilokuð á meðan A... var á lífi með vísan til atvika og framangreinds og verður ekki séð hvaða grundvöllur breyttist að því leyti við andlát hans og að nýr aðili eignaðist hlut hans. Má til sanns vegar færa að ef um framsal hlutar í lifanda lífi hefði verið að ræða hefði möguleg málsókn nýs hluthafa fremur beinst að þeim er seldi honum hlutinn.

Krafa stefnanda samkvæmt viðskiptamannareikningi stefnda

50. Síðari hluti kröfugerðar stefnanda skírskotar til stöðu á viðskiptamannareikningi stefnda hjá félaginu. Þar hefur stefnandi tekið þann kostinn að taka stöðu samkvæmt yfirliti sem ágreiningslaust er að stafar frá stefnda og fyrrum bókara félagsins í stað þess að miða við framangreinda stöðu samkvæmt ársreikningi 2024 sbr. lið 41 í dómnum eða jafnvel síðari stöðu. Í stefnu er krafan þó sögð samkvæmt viðskiptamannareikningi stefnda í bókhaldi stefnanda með þeirri skýringu að *[S]tefndi hefur upplýst um að krafa þessi sé m.a. vegna meðlagsgreiðslna sem stefnandi greiddi fyrir stefnda*. Krafan er byggð á sömu málsástæðum og lagarökum og fyrri liður kröfugerðar stefnanda, sbr. framangreinda umfjöllun.

51. Stefndi gerir hins vegar ekki sjáanlega ágreining um að hann beri ábyrgð á umræddum meðlagsgreiðslum en ber því við að A... heitinn hafi tekið ákvörðun um að félagið greiddi þessar greiðslur fyrir hann og ef rétt er skilið myndi stefndi svo standa félaginu skil á greiðslunum með einum eða öðrum hætti. Stefndi kveðst reyndar hafa tekið ákvörðun strax eftir fráfall A... um að breyta þessu fyrirkomulagi.

52. Sú staða á viðskiptamannareikningi stefnda sem hér er vísað til endurspeglar hins vegar að því er virðist allar færslur í bókhaldi stefnanda sem varða stefnda. Þar koma fram allt frá árinu 2004 til og með 2023 laun til stefnanda og allar greiðslur til hans á móti, s.s. innborganir launa, greiðsla á sköttum að einhverju leyti, matarúttektir, ýmsar aðrar úttektir, úttektir af greiðslukortum sem hafa þá verið taldar standa utan rekstrarkostnaðar, sbr. framangreint, og umræddar meðlagsgreiðslur. Á móti koma einnig tvívegis fyrir greiðslur arðs, 1.200.000 kr. árið 2021 og 275.000 kr. árið 2020.

53. Úttektum eigenda á fjármunum út úr einkahlutafélagi er þröngur stakkur sniðinn og fer að jafnaði ekki fram nema í ákveðnum lögbundnum tilvikum, sbr. 73. gr. laga nr. 138/1994. Hins vegar er það þekkt að sú staða skapist á viðskiptareikningum eigenda líkum þeim sem hér um ræðir að eigandi sé í skuld við félagið, einkum og sér í lagi ef viðkomandi er launþegi hjá félaginu. Getur stefndi að mati dómsins ekki vikið sér undan henni enda verið við stjórn félagsins allt frá stofnun þótt A... heitinn hafi séð að mestu um fjármál.

54. Viðskiptareikningur stefnda hjá félaginu hefur ljóslega verið lifandi skjal alla tíð frá stofnun félagsins og inn á hann hafa reglulega gengið innborganir vegna launa og arðs, sbr. framangreint. Ekkert bendir til annars en að stefndi hafi viðurkennt stöðu reikningsins hverju sinni og a.m.k. staðfest með hverjum ársreikningi félagsins og skattframtali, sbr. framburð hans fyrir dómi, þ.e. fram að ársreikningi 2023. Fyrir öðru ber hann sönnunarbyrði sem og því að einstaka færslur á hann séu rangar, en því hefur hann reyndar hvergi haldið fram í málinu.

55. Engin efni eru því til annars en að telja þá stöðu sem við blasir á reikningi stefnda skuld hans við félagið. Af dómaframkvæmd verður ráðið að með slíka stöðu hafi verið farið skv. 79. gr. laganna, a.m.k. af skattyfirvöldum og af þrotabúum eftir gjaldþrot félags, þótt dómurinn telji 77. gr. fremur eiga við og almennar reglur kröfuréttar hér, en það kemur ekki að sök við úrlausn málsins. Alla vega er fullnægt því skilyrði hér að ætlast hefur verið til þess að endurgjald komi fyrir umræddar úttektir.

56. Með vísan til framangreinds um hvernig umræddur reikningur er samansettur og hlutverks hans er ekki fallið á þá málsástæðu stefnda að hann sé fyrndur og líta verður svo á að allar innborganir inn á reikninginn hafi rofið fyrningu, auk þess sem skuldin hefur miðað við gögn málsins, í raun verið viðurkennd af stefnda við ársuppgjör félagsins hverju sinni.

57. Stefndi hefur þá ekki rökstutt eða sýnt nánar fram á áhrif þeirrar reglu sem hann vísar til um að almennar reikningsskilareglur og venjur leiði til þess að viðskiptareikningar sem séu eldri en sex ára séu færðir niður í 0 og eingöngu það sem hafi safnast frá þeim tíma séu viðskiptareikningsskuldir hans sem leiði til þess að þessi liður geti að hámarki numið 2.099.709 kr. Þessi málsástæða er haldlaus að mati dómsins sbr. og framangreint um fyrningu kröfunnar en ella vanreifufð og ósönnuð í máli þessu.

58. Af gögnum málsins verður ráðið að ekki hefur verið í bókum félagsins litið svo á að umrædd staða á viðskiptamannareikningi hverju sinni væri hluthafalán til hans skv. 79. gr. laga nr. 138/1994, heldur að stefnt væri að því að reikningurinn væri í jafnvægi eins og hann ætti að vera. Eðli máls samkvæmt er því ekki um eiginlegan gjalddaga að ræða eða að um slíkan hafi verið samið. Ráðandi hluti stjórnar hefur hins vegar tekið þá ákvörðun að innheimta umræddan mismun og verður að telja henni það heimilt.

59. Með vísan til framangreinds og þess að hvergi ber á því að til hafi staðið að innheimta umræddan mismun af stefnda fyrr en kastaðist í kekki milli hluthafa telur dómurinn rétt að krafan beri ekki dráttarvexti fyrr en frá og með höfðun málsins, 30. maí 2025, með hliðsjón af 4. mgr. 5. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu.

Gagnkröfur stefnda

60. Stefndi gerir gagnkröfu í málinu til skuldajafnaðar. Sú krafa byggir á vangreiddum launum til stefnda vegna þess að í raun hafi uppsagnarfrestur ekki verið virtur. Einungis hafi verið gerðir upp þrjú mánuðir af 24 mánaða uppsagnarfresti. Eins og kröfugerð stefnda er háttað hér virðist sem hann telji sig ekki eiga launakröfur á hendur stefnanda vegna tímans fyrir uppsögn þótt framangreindur viðskiptareikningur gæti gefið annað til kynna miðað við hvernig með laun hefur verið farið þar fram til og með hluta 2023.

61. Krafa til skuldajafnaðar byggir þannig á því einu að stefnandi skuldi stefnda uppsagnarfrest samkvæmt ráðningarsamningi sem félagið gerði við stefnda 14. ágúst 2022. Þótt fallast megi á að félagið hafi verið í millibilsástandi á þessum tíma eftir fráfall A..., og óljóst hvað yrði, er ekki hægt að líta öðruvísi á en að þarna hafi stefndi samið við sjálfan sig. Þar veur einkum athygli 24 mánaða uppsagnarfrestur til handa stefnda sem virðist hafa verið nýmæli í samnings-sambandinu.

62. Hvað sem því líður er fjárhæð gagnkröfu stefnda vanreifufð að mati dómsins og við blasir að stefndi hreyfði, miðað við gögn málsins, engum athugasemdum við að njóta einungis þriggja mánaða uppsagnarfrests þegar honum var sagt upp störfum hjá stefnda í lok febrúar 2024. Að

virtu framangreindu telur dómurinn gagnkröfu stefnda óljósa og umdeilda og ekki forsendur eins og málið er lagt fyrir að viðurkenna hana gegn eindregnum mótmælum stefnanda sem tæka til skuldajafnaðar gegn stefnukröfum stefnanda í málinu.

Niðurstaða

63. Því verður kröfum stefnanda á grundvelli þess sem hann kallar ólögð mætar úttektir stefnda úr félaginu frá 2019 hafnað en fallist á kröfur félagsins á hendur stefnda sem byggjast á viðskiptareikningi hans hjá félaginu að fjárhæð 5.640.344 kr. auk dráttarvaxta frá höfðun málsins. Því verður hafnað að gagnkröfur stefnda séu tækar til skuldajafnaðar í málinu.

64. Niðurstaða málsins verður því sú að einungis er fallist á þær kröfur stefnanda sem stefndi hefur í raun viðurkennt utan þess að hafa borið við fyrningu eða brottfalli á hluta þeirra sem hefur verið hafnað. Dómurinn telur því rétt að málskostnaður milli aðila falli niður og hvor um sig beri sinn kostnað af málinu, sbr. 3. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

65. Málið fluttu Gunnlaugur Garðarsson lögmaður fyrir stefnanda og Ólafur Kristinsson lögmaður fyrir stefnda.

66. Dóminn kveður upp Lárentsínus Kristjánsson héraðsdómari á Vesturlandi.

D Ó M S O R Ð

Stefndi, Emil Þór Jónsson, greiði stefnanda, Emco ehf., 5.640.344 kr. auk dráttarvaxta samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 frá 30. maí 2025 til greiðsludags.

Málskostnaður fellur niður.

Lárentsínus Kristjánsson